

Samstarf sveitarfélaga innan SSH
Samstarfshópur um símenntun grunnskólakennara
Vinnustofa um fjölmenningu og grunnskólastarf
Sjálandsskóli 21. nóvember 2016 kl. 15-17

SAMANTEKT

Vinnustofan var hugsuð sem upphaf að nýrri fræðslu og samræðu um þróun grunnskólastarfs á Íslandi á 21. öldinni er snýr að málefnum nýrra Íslendinga og annarra Íslendinga í hnattvæðingu samtímans þar sem hugtakið fjölmenningu er samheiti fyrir umræðuna. Fjölmenningarumræðan í grunnskólastarfi snýr að áhrifum hennar á daglegt skólastarf á alla nemendur og einnig þá sem koma nýir inn í íslenskt samfélag, læra íslensku sem annað tungumál og þurfa að aðlagast íslensku samfélagi. Á vinnustofunni miðla þrjár aðilar sjónarmiðum sínum um þær áskoranir sem grunnskólastarfið mætir í þessum nýju aðstæðum sem eru:

- Anna Katarzyna Wozniczka, fulltrúi Félags kvenna af erlendum uppruna.
- Ólafur Páll Jónsson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ.
- Snorri Freyr Vigfússon, fulltrúi ungmennaráðs Reykjavíkur

Í framhaldi erinda var samræða á staðnum um þessar áskoranir og forgangsverkefni í grunnskólastarfi á næstu árum í ljósi fjölmenningar og aukinnar hnattvæðingar. Á vorönn 2017 er ráðgerð ráðstefna um sama viðfangsefni til dýpkunar á viðfangsefninu. Aðgangur að vinnustofunni var ókeypis. Skráning fór fram í viðkomandi sveitarfélagi og HÍ eins og lýst er hér neðar í póstinum. Skráningarfrestur var til 14. nóvember 2016. Alls mættu um 80 manns á vinnustofuna.

Hópumræðuspurningarnar þrjár og forgangsröðun þeirra

Í kjölfar erinda voru þrjár spurningar teknar til umræðum í hópum og voru 8 hópar starfandi. Óskað var eftir að í hverjum hópi væru lagðar fram tillögur að svörum við. Þessi svör er að finna hér aftar. Einnig fékk hver þátttakandi á fundinum 4 límmiðapunkta sem hann átti að setja á svör sem höfuðu til hans. Um leið myndu þessir punktar í heildina gefa til kynna forgangsröðun á áherslum sem kæmi frá þátttakendum. Spurningarnar þrjár og fjöldi punkta sem koma á hverja spurningu voru:

- **Hverjar eru áskoranir fjölmenningar fyrir grunnskólastarf? (58)**
- **Hvaða áhrif hefur fjölmenningu á nám í grunnskólum (eða á að hafa)? (15)**
- **Hvaða stuðning þurfa kennarar? (112)**

Út frá ofangreindri forgangsröðun voru þátttakendur á vinnustofunni mest uppteknir af þeim stuðningi sem kennarar þurfi til að sinna málefnum aðfluttra nemenda og því að byggja upp kennsluhætti sem henta í fjölmenningarlegu skólastarfi og aðra þá starfshætti sem mikilvægir væru. En stuðningur við kennara þyrfti að byggjast á skýrum samfélagslegum áherslum um stuðningi við erlenda/aðflutta nemendur. Verkefnið sjálft er mikilvægt og skólakerfið er tilbúið í það en það getur ekki unnist vel nema daglegt skólastarf fái nægilegar bjargir í verkefnið.

Hér áfram koma niðurstöður hópunnar raðað eftir stigagjöf þátttakenda í lok vinnustofunnar.

Niðurstöður úr hópvinnu ásamt forgangsroðun út frá puntagjöf í lok umræðna (4 punktar á mann)

Hverjar eru áskoranir fjölmenningar fyrir grunnskólastarf?

10 stig:

- Kennaramenntun taki mið af fjölmenningarlegu samfélagi (10).

6 stig:

- Að skapa félagsleg tengsl (6).

5 stig:

- Hækka laun kennara og gera starfið eftirsóknarvert (5).

4 stig:

- Samskipti heimilis og skóla (4).
- Meiri peninga! (4).

3 stig:

- Virkja nemandaaúðinn (3).
- Samfélagið (margir, allir) þurfa að koma að (nemendur, kennarar, starfsfólk, félagsþjónusta, frístundaheimili, íþróttir og foreldrar) (3).
- Að vera opin, samvirk og sveigjanleg (3).

2 stig:

- Að gera menningu nemenda hátt undir höfði (2).
- Setja athyglina á sammannleg gildi (2).
- Fjölbreyttari kennsluhættir (2).
- Skoða eigin viðhorf (2).
- Að mæta fjölbreytileikanum (2).
- Sporna gegn einangrun barnanna (2).
- Að kennsluhættir henti öllum (2).

1 stig:

- Flóknar þarfir í bekk, mikilvægt að fækka í bekkjum (1).
- Gera foreldra af erlendu bergi virkari (1).
- Að útskrifa nemendur úr grunnskóla með sterkja sjálfmynd, þekkingu og leikni og tilbúna til að takast á við nýjar áskoranir (1).
- Að allir geti verið virkir í námi og félagsstarfi (1).
- Við þurfum að kafa ofan í fjölmenningarhugtakið, skilgreina það og setja okkur markmið að ná til foreldra (1)
- Aða skapa forsendur til að miðla okkar menningu og kynnst öðrum menningarheimum (1).
- Varðveita íslensku, ekki hræðast rætur fólks (1).
- Eyða fordómum (1).

Fleiri sjónarmið:

- Að vanda til þess hvernig móttaka nemenda er.
- Að vinna almennt með samskipti, umburðarlyndi og virðingu.
- Menningarmunur og mismunandi áskoranir og væntingar.
- Samastarf við heimili með öllum tiltækum ráðum.
- Fjölbreytt menningarlæsi.
- Að hlusta á raddir allra.
- Að allir nemendur geti fótað sig.
- Að virkja alla nemendur.
- Skólamenning taki mið af fjölmenningu.
- Að íslenskir foreldrar taki ekki börn úr skólanum vegna þess að það eru svo margir útlendingar í skólanum.
- Nýta menninguna í kennslunni.

- Miðlun menningararfs heiman/heima, ólíkir siðir/hefðir.
- Virkt samvinnunám hjálpar öllum.
- Nýta fjölbreytileika starfsfólksins.
- Hvernig grunnskólastarf ætlum við að hafa á Íslandi!
- Mikilvægt að HLUSTA á raddir nemenda.
- Skóli- samfélag-Endurframleiðsla > þarf að brjóta upp og umbreyta þessu sambandi.
- Að nýta menningarauðinn sem fylgir hverjum einstaklingi.
- Þurfum við ekki að endurskoða þetta „við“?

Hvaða áhrif hefur fjölmening á nám í grunnskólum (eða á að hafa)?

8 stig:

- Það á að ögra okkur til að hugsa út fyrir kassann og hugsa í lausnum fyrir alla nemendur innan skólastofunnar (8).

4 stig:

- Knýr á um fjölbreytta kennsluhætti (4).

3 stig:

- Meiri fjölbreytileiki sem kallar á fjölbreyttar kennsluaðferðir (3).

2 stig:

- Auka fjölbreytni í kennsluháttum (2).
- Auðgar skólastarf, ætti að auðga umburðarlyndi (2).
- Það ætti að auka víðsýni nemenda (2).
- Ýtir undir fjölbreytta kennsluhætti (2)
- Ætti að minnka fordóma (2).
- Brjóta upp staðalímyndir og auka fjölbreytileika (2)

1 stig:

- Víðsýni, umburðarlyndi, samvinnunálgun (1).
- Umburðarlyndi (1).
- Fjölbreyttir kennsluhættir (1).
- Ýtir undir víðsýni (1).
- Hugsun út fyrir kassann (1).

Fleiri sjónarmið:

- Sýnilegri fjölmening, fjölbreytileiki.
- Fleiri viskubrunnar til að nýta.
- Það ætti að gera það að verkum að kennari/-ar og nemendur yrðu víðsýnni á menningu og sögu annarra landa.
- Aðlagða námsefni, að það sé meira val á sögubókum frá því landi sem börnin koma frá.
- Aukið álag.
- Krydd í tilveruna.
- Ný viðhorf/tillitssemi.
- Umburðarlyndi.
- Meiri sveigjanleiki.
- Að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir.
- Jákvæð áhrif á kennsluhætti.
- Áherslur í námi.
- Hefur áhrif á íslenskukennslu, t.d. auka orðaforða, samþætting.
- Gildi og viðmið foreldra hefur áhrif á skólastarf.
- Víkkar sjóndeildarhringinn.
- Ábyrgð allra > breyting á kennsluháttum.

- Eykur víðsýni og umburðarlyndi (ætti að gera það).
- Gefur tækifæri til að auka umræðu um mannréttindi og lýðræði.
- Endurskoða námsefni?
- Ætti að auka víðsýni, fjölbreytni, kennsluaðferðir og svo framvegis.
- Þetta verður flóknara og erfiðara fyrir kennara.
- Virðing.
- „Dulda“ menning.
- Hvað er líkt/ólíkt?
- Félagslegi þátturinn.
- Foreldrasamvinna.
- Jákvæð breyting.

Hvaða stuðning þurfa kennarar?

9 stig:

- Góðan gagnabanka á mismunandi tungumálum (9).

8 stig:

- Tími til samstarfs (8).
- Skýra stefnu fræðsluskrifstofu um móttöku erlendra nemenda (8).
- Fjölga kennurum í bekk (fagmenntuðum stuðningsaðilum) (8).
- Vera í teymisvinnu, t.d. varðandi samþættingu, aðlögun og fleira (8).

7 stig:

- „Brúarsmíði“ - aðstoð við gagnkvæma aðlögun skóla og heimilis (7).
- Þarf fleiri kennara inn í kennslustofunni til að hafa fámennari hópa (7).

6 stig:

- „Góða“ túlka, aukið aðgengi (6).

5 stig:

- Kennsluráðgjafar með sérþekkingu (5).
- Tíma til undirbúnings og endurmenntunar (5).

4 stig:

- Aukið fjármagn (4).
- Öflugri stoðþjónustu (4).

3 stig:

- Að deila reynslu og kennslu í miðlægum gagnagrunni (3).
- Upplýsingar um verkfæri/notkun verkfæra (3).

2 stig:

- Sérhæfing í kennaranámi, íslenska sem annað tungumál (2).
- 1 ár í kennaranámi + kandidatsnám í grunnskóla af þessum fimm (2).
- Starfsþjálfun kennara (2).
- Móðurmálskennsla (2).
- Stuðning við að ná til og virkja foreldra (2).
- Samstarf kennara (2).
- Fræðsla, hvatning, tími (2).
- Móðurmálskennsla (2).
- Fræðslu um kennslu íslensku sem annars máls (2).

1 stig:

- Nýbúakennara í hverjum skóla (1).
- Meiri mönnun/minni-lægri kennsluskyldu (1).
- Vita hvað er í boði (1).

- Betra aðgengi að túlkum (1).
- Námskeið í fjölbreyttum kennsluháttum (1)
- Bakgrunnsupplýsingar, t.d. varðandi menningu/siði (1)
- Aukinn tími (1).
- Aukinn mannafla, tveir í hverjum bekk, einkum í yngstu bekkjunum (1).
- Hvernig á að nálgast kennsluefni (1)

Fleiri sjónarmið:

- Fræðslu og undirbúning fyrir starfsmenn skóla.
- Góðar aðstæður.
- Aukinn bókakost á ýmsum tungumálum.
- Fræðslu um möguleika og kosti fjölmennningar.
- Aukinn stuðningur á móturmáli barnsins/nemandans.
- Millimenningarfræðsla – aðlögun allra að fjölbreyttara samfélagi.
- Fjölbreyttir kennsluhættir.
- Stuðningur frá skólaskrifstofu.
- Tími til fræðslustarfs.
- Jafningjafraðsla.
- Fá hagýtar kennsluáðferðir sem nýtast öllum nemendum til að auka orðaforða (8).
- Erlendir nemendur og kennarar þurfa að hafa aðgang að stuðningi alla skólagönguna vegna þess að það tekur 6-8 ára að læra tungumál. Aðstoð við kennara vegna þess.
- Tvítýndir kennarar (t.d. annað en danska/enska).
- Aðgengi að túlkum.
- Aðgengi að túlkum.
- Aðvelt aðgengi að námsefni á móturmáli.
- Kennslufræði tungumála.
- Fjölmenningarfræðsla.
- Teymiskennslu.